

Reglur um afslátt af fasteignaskatti hjá Sveitarfélaginu Hornafirði 2026

1. gr.

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði fá afslátt af fasteignaskatti af samþykktu íbúðarhúsnæði, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar sveitarfélagsins Hornafjarðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í sveitarfélaginu sem búa í eigin íbúð og:

- a. eru 67 ára við upphaf álagningarárs, eða eldri
- b. hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.
- c. hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði.
- d. hafa ekki fullvinnandi einstakling / einstaklinga, aðra en maka búsetta á heimilinu.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur. Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til **allra skattskyldra** tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs, samkvæmt skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5. gr.

Tekjumörk árið 2026 eru sem hér segir:

Einstaklingar

Fullur afsláttur skv. 4. gr. með tekjur allt að	kr. 6.646.248
Engan afslátt með tekjur yfir	kr. 8.146.845

Hjón og samskattað sambýlisfólk

Fullur afsláttur skv. 4. gr. með tekjur allt að	kr. 9.242.435
Engan afslátt með tekjur yfir	kr. 10.774.192

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

Einstaklingar

Tekjur frá kr.	Tekjur til kr.	Afsláttur
0	6.646.248	100%
6.646.249	7.209.957	75%
7.209.958	7.698.768	50%
7.698.769	8.146.845	25%

Hjón/sambúðarfólk

Tekjur frá kr.	Tekjur til kr.	Afsláttur
0	9.242.435	100%
9.242.436	9.804.516	75%
9.804.517	10.343.225	50%
10.343.226	10.774.192	25%

6. gr.

Afsláttur skv. þeim reglum sem ofan greinir er reiknaður við álagningu fasteignaskatts og er byggður á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um tekjur.

7. gr.

Tekjumörk og hámark afsláttar hækkar skv. launavísitölu í *nóvember* ár hvert, fyrir næsta ár.